

S A M Þ Y K K T

um breyting á samþykkt nr. 41 11. apríl 1929, um sýsluvegasjóð Dalasýslu.

1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Sýsluvegir eru þessir:

1. *Hörðudalsvegur*: Af þjóðveginum utan Hörðudalsár að Seljalandi.
2. *Hálsbæjavegur*: Frá Snóksdalslæk að Bæjarbökkum.
3. *Hundadalsvegur*: Af þjóðveginum við Reykjadalásá að heimreiðum Hundadalsbæja.
4. *Kvennabrekkuvegur*: Af þjóðveginum heim að Kvennabrekku.
5. *Haukadalsvegur*: Frá þjóðveginum innan Haukadalsvatns um Litla-Vatnshorn að Hömrum.
6. *Lækjarskógsvegur*: Af þjóðveginum hjá Þorbergsstöðum að Lækjarskógi.
7. *Flugvallavegur*: Af þjóðveginum hjá Sauraleiti að flugvellinum á Kambsnesi.
8. *Laxárdalsvegur nyrðri*: Af þjóðveginum norðan Laxár, ofan Búðardals, að Sámsstöðum.
9. *Ljárskógavegur*: Frá Hjarðarholti að Ljárskógum.
10. *Sjúkraskýlisvegur*: Af þjóðveginum heim að læknisbústaðnum í Búðardal.
11. *Búðardalsvegur*: Frá Kaupfélaginu til sýslumannshússins.
12. *Laugavegur*: Frá þjóðveginum hjá Laugum að Sælingsdal.
13. *Hvammsvegur*: Af þjóðveginum hjá Hvammsá að Hvammi.
14. *Hjallanesvegur*: Frá bryggjunni í Hjallanesi á þjóðveginn.
15. *Arnarbælisvegur*: Af þjóðveginum hjá Silungalæk að Arnarbæli.
16. *Dagverðarnesvegur*: Af þjóðveginum við Fábeinsá að Dagverðarnesi.
17. *Hnúksvegur*: Af þjóðveginum hjá Hnúki niður í Hnúksnes.
18. *Langeyjarnesvegur*: Af þjóðveginum sunnan við Klofning í Langeyjarnes.
19. *Búðardalsvegur á Skarðsströnd*: Af þjóðveginum innan Búðardalsár að Búðardal.
20. *Staðarhólsvegur*: Af þjóðveginum hjá Þverfelli að Hvammsdal.
21. *Múlábæjavegur*: Af þjóðveginum hjá Þurranesi að Belgsdal.
22. *Holtahryggjarvegur*: Af þjóðveginum við Djúpadalsmel að flugvellinum á Holtahrygg.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Dalasýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, um sýsluvegasjóði, staðfestist hér með, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi samþykktir nr. 2/1936, 94/1936 og 120/1944, um sama efni.

Samgöngumálaráðuneytið, 22. janúar 1954.

Kristinn Guðmundsson.

Páll Pálmason.